

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Kaleorid forðatöflur 750 mg og 1000 mg

Kalíumklóríð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og læknirinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um.- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.

- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðingurinn vita um allar aukaverkanir. Petta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Kaleorid og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Kaleorid
3. Hvernig nota á Kaleorid
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Kaleorid
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Kaleorid og við hverju það er notað

Kaleorid er forðatafla og virka efnið losnar smám saman úr henni.

Kaleorid inniheldur kalíum sem er ómissandi efni fyrir efnaskipti líkamans. Kalíumskortur getur komið fram við ákveðna sjúkdóma og við lyfjameðferð með ýmsum lyfjum sem auka þvagmyndun (þ.e. þvagræsilyf). Kaleorid töflur eru notaðar til meðferðar við litlu magni kalíums í blóðinu. Einnig getur lyfið verið gefið sem fyrirbyggjandi meðferð með þvagræsilyfum.

Vegna framleiðsluaðferðar Kaleorid er sundrun töflunnar hæg. Kalíum er í grind úr mjúku fituefni í töflukjarnanum, sem veldur smám saman hægri losun á kalíumi í stórum hluta garnanna. Mjúka grindin skilst út með hægðum.

2. Áður en byrjað er að nota Kaleorid

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Kaleorid

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir kalíumklóríði eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú ert með alvarlegt ójafnvægi á vökv- og blóðsaltabúskap líkamans, svo sem hátt magn kalíums í blóði (blóðkalíumhækkun) eða annan kvilla sem getur valdið blóðkalíumhækkun.
- ef þú ert með alvarlega skerta nýrnastarfsemi.
- ef þú ert með sár eða þrengsli í vélinda, maga og/eða þörmum.
- ef þú ert með Addisons sjúkdóm (vanstarfsemi nýrnahettna) en tekur ekki lyf við honum.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækninum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum áður en Kaleorid er notað. Sýndu sérstaka varúð við notkun Kaleorid:

- ef þú ert með hjarta- eða nýrnasjúkdóm. Þá þarf að fylgjast reglulega með kalíummagni í blóði.
- ef þú ert aldraður/öldruð, vegna þess að þú ert í áhættuhópi að fá hjarta- eða nýrnasjúkdóm.
- ef þú átt það á hættu að kalíummagn aukist vegna nýrnabilunar eða vanstarfsemi nýrnahettna, að fá bráðan vökvaskort eða hefur mikinn vefjaskaða (svo sem eftir alvarlegan bruna).
- ef þú notar lyf sem minnka þarmahreyfingar.

Teppa, áverkar, sár, blæðing og rof í efri og neðri hluta meltingarvegar geta komið fyrir, sérstaklega ef Kaleorid er tekið með of litlu magni af vatni eða ef hægir á þarmastarfsemi. Sýndu því sérstaka varúð ef þú ert rúmliggjandi eða þunguð (sjá kaflann Meðganga).

Hættu meðferðinni ef þú færð ógleði, uppköst eða óþægindi frá kviði.

Börn

Ekki skal nota Kaleorid hjá börnum og unglingum yngri en 18 ára. Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun Kaleorid hjá börnum.

Notkun annarra lyfja samhliða Kaleorid

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Hætta er á of miklu magni kalíums ef Kaleorid er notað samhliða lyfjum sem auka kalíummagn. Þetta á t.d. við um kalíumsparandi þvagræsilyf (spírólaktón, eplerenón, triamteren og amilorid), ACE-hemla (t.d. kaptópríl, enalapríl, lísínópríl, perindópríl, quinapríl, ramipríl, zofenopril), angiotensin II blokka (t.d. azilsartan, candesartan, eprosartan, irbesartan, losartan, tasosartan, telmisartan, valsartan), reninhemla (t.d. alisliren), ciclosporin, tacrolimus, trimethoprim og önnur lyf sem innihalda kalíum (t.d. kalíumsölt af penicillíni).

Notkun Kaleorid með mat eða drykk

Kaleorid töflur á að gleypa heilar með nægu vatni, a.m.k. einu glasi af vatni fyrir hvern skammt (sjá kafla 3).

Meðganga, brjósttagjöf og frjósemi

Við meðgöngu, brjósttagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Lyfið má nota á meðgöngu og handa konum með barn á brjósti, ef læknirinn telur það nauðsynlegt. Hægt getur á þarmastarfsemi á meðgöngu og þú skalt gæta sérstakrar varúðar þegar Kaleorid er notað og vera viss um að drekka nægilegt vatn þegar taflan er tekin inn.

Akstur og notkun véla

Kaleorid hefur engin áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við läkni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Kaleorid

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og læknirinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækninum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum.

Þegar Kaleorid er notað í forvarnarskyni er venjulegur skammtur:

Fyrir 750 mg töflur: almennt 1-2 töflur 2-3 sinnum á sólarhring.

Fyrir 1000 mg töflur: eðlilegur lægsti skammtur er ein tafla tvisvar sinnum á sólarhring.

Ef þú færð Kaleorid vegna lítils kalíummagns er skammturinn ákveðinn eftir kalíummagni.

Vanalega er skammturinn af 750 mg töflum 2 töflur 2-3 sinnum á sólarhring þar til magn kalíums í sermi hefur hækkað. Eftir það er ein til tvær töflur tvisvar sinnum á sólarhring nægur skammtur.

Nægur skammtur af 1000 mg skammti er vanalega tvær töflur tvisvar sinnum á sólarhring.

Töflurnar á að gleypa heilar með a.m.k. einu glasi af vatni. Ekki taka töflurnar liggjandi útaf og ekki rétt fyrir svefn.

Óleysanlegur hvítur kjarni töflunnar mun skiljast út með hægðum.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Ef stærri skammtur en mælt var fyrir um er tekinn getur kalíummagn í blóðinu orðið of mikið, sérstaklega ef nýrnasjúkdómur er til staðar. Hugsanleg einkenni of mikils magns kalíums eru rugl, náladofi, vöðvaslapplæki, lömun, lágor blóðþrýstingur, hjartsláttaróregla og í alvarlegum tilvikum hjartastopp.

Ef gleymist að taka Kaleorid

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur Kaleorid valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Tilkynnt hefur verið um eftirfarandi aukaverkanir: aukið magn kalíums í blóði, þarmarof, þarmablæðing, sáramyndun og þrengsli eða teppa í meltingarvegi, magasár, niðurgangur, uppköst, kviðverkir, ógleði og ýmis konar útbrot.

Hættu meðferðinni ef þú færð ógleði, uppköst eða óþægindi frá kviði.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðingnum vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastoffnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Kaleorid

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimi lissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Kaleorid inniheldur

- Virka innihaldsefnið er kalíumklóríð 750 mg (taflan inniheldur 10 mmól af kalíumi) og 1000 mg (taflan inniheldur 13 mmól af kalíumi).
- Önnur innihaldsefni eru:
- Töflukjarni: etýlsellulósi, glýseról 85%, sterýlalkóhól, magnesíumsterat.
- Töfluhúð: hýprmellósi, titantvíoxíð (E171), talkúm, glýseról 85%, sakkarínnatríum.

Lýsing á útliti Kaleorid og pakkningastærðir

Hvítar, sporöskjulaga filmuhúðaðar forðatöflur.

Pakkningastærð 750 mg: 100 og 250 töflur.

Pakkningastærð 1000 mg: 200 töflur.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

Karo Pharma AB

Box 16184

103 24 Stockholm

Svíþjóð

Framleiðandi

Paramedical A/S

Vassingerødvej 3-7

DK-3540 Lynge

Danmörk

allphamed PHARBIL Arzneimittel GmbH

Hildebrandstr. 10-12

37081 Göttingen

Þýskaland

Vinsamlega hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið Alvogen ehf.

Sími: 522 2900

Netfang: info@alvogen.is

Pessi fylgiseðill var síðast uppfærður í nóvember 2020.